

Skólaráðsfundur 16.02.2022

Viðstaddir: Jón Pétur Zimsen skólastjóri, Harpa Reynisdóttir aðstoðarskólastjóri (áheyrn), Jórunn Pálsdóttir og Edda Björnsdóttir fulltrúar kennara, Jannika Jónsdóttir og Matthías Eysteinn Valdimarsson fulltrúar nemenda.

Ritari: Harpa Reynisdóttir

Dagskrá fundar:

1. Húsnæðið og fundir með borgarstjóra
2. Skólaárið hingað til
3. Önnur mál.

Jón Pétur bíður alla velkomna á fundinn.

1. Haldin var fundur með borgastjóra og skólastjórnendum í hverfinu. Jón Pétur var mættur fyrir hönd Melaskóla og ræddi meðal annars um húsnæðismál Melaskóla. Talaði hann um mikilvægi þess að húsnæðið þjónaði tilgangi sýnum og væri snyrtilegt. Taka aðrir fundarmenn undir orð JPZ.

2. Jón Pétur segir frá því að skólaárið hafi gengið vel. Það hafi að einhverju leyti litast af Covid en þó höfum við vonandi náð að láta nemendur finna eins lítið fyrir því og mögulegt er. Forfallakennslan hefur gengið vel og ekki hefur þurft að fella niður kennslu. Fulltrúar nemenda eru ánægðir í skólanum en vilja enn betri skólalóð.

Jón Pétur ræðir um skipulagningu á stoðþjónustunni, það getur gott að vera með lítil rými en einnig gæti verið hagræðing í því að hafa stoðþjónustuna í ekki fleiri en tveimur ólíkum rýmum. Umræða um náttúrufræðistofuna í nýja skóla.

Kennarar taka undir að mikil festa hafi verið hvað kennslu varðar en það hafi tekið á köflum í að manna öll forföll. Velferð nemenda sé þó alltaf í fyrirrúmi.

Jón Pétur bendir á að líðan starfsfólks og nemenda sé mikilvægast af öllu og vonandi þegar fólki líður betur þá minnki forföllin. Sú hugsun sé svo mikilvæg að allir standi saman og að fólk finni fyrir ábyrgð. Skólinn er fólkið og skólamenningin er það sem gerir skólann góðan.

3. Jórunn bendir á að skólinn fagni Grósku verkefninu hjá Reykjavíkurborg og að það hafi verið staðið að því eins og það hentar skólanum best.

Jórunn bendir einnig á að vinnuaðstaða fyrir kennara og nemendur í skólanum sé virkilega ábótavant. Hún nefnir á að vinnueftirlitið hafi komið og tekið út skólann en veit ekki hvernig eftirfylgdin var með það.

Edda spyr hvort stjórnendur séu búnir að fara á fundi vegna nýs reiknilíkans Reykjavíkurborgar. Reiknilíkanið hefur verið kynnt fyrir stjórnendum.

Edda spyr hvort það sé hægt að fá svör við húsnæðismálunum, hvernig standa málin? er eitthvað í bígerð? JPZ svarar að borgin sé með þau mál í ferli.

Jón Pétur slítur fundi 11:00